

17. grein.

1872.

31. oktbr.

Komist póstafgreiðandi að því, að póstur hafi meðferðis bréf, peninga eða böggla, sem ekki eru rituð á póstlista, er hann skyldur að skýra póstskrifstofunni í Reykjavík frá því. Skyldi, mót von, hann sjálfur eða fólk hans nota póstinn ólöglega, varðar það sektum sem póststjórnin ákveður, og, ef til vill, afsetningu.

18. grein.

Póstafgreiðandi er ekki skyldur til að veita pósti gistingu, góðgjörðir eða heygjóf handa hesti hans, nema móti sanngjarni borgun.

Samkvæmt tilskipun um póstmál á Íslandi 26. febr. 1872 17. gr. og umboði lögstjórnarinnar af 14. ág. p. á.

Íslands stiptamt, Reykjavík, 31. oktbr. 1872.

Hilmar Finsen.

101. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna í Íslandi um styrk til þess að byggja upp hús á prestssetri.

2. nóvbr.

Í brèfi, dagsettu 15. ágúst. p. á., hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, eptir beiðni Guðmundar prests Bjarnasonar að Melum í Borgarfjarðarsýslu, farið þess á leit, að honum verði veittur 200 rd. styrkur af opinberu fè, til þess að byggja upp aptur húsinn á staðnum, sem brunnu í marzmánuði sem leið.

Eptir að vèr höfum skrifazt á við dómsmálastjórnina um þetta, verður yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það og gjörið ráðstafanir þær, sem með þarf, að vèr veitum tæðum prest 200 rd. styrk til þessa af fè því, sem á áætluninni um tekjur og útgjöld Íslands á yfirstandandi reikn-

1872.
2. nóvbr. ingsári er ætlað til óvissra útgjalda, sem uppá kunna að koma, og skal því við bætt, að vèr höfum í dag skrifað landfógeta, að borga tæða upphæð af jarðabókarsjóði Íslands, þegar þèr heimtið það.

2. nóvbr. **102. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um aldursleyfi fyrir prestsefni.**

Samkvæmt þegnlegum uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast allramildilegast 28. f. m. að veita pretaskólakandídat Steindóri Jóhannsyni Briem leyfi til að láta vígjast til prests á þessu hausti, þótt hann sè ekki 25 ára að aldri.

Um leið og þetta verður yður hërmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þèr kunngjöríð það, mælist stjórnarráðið til, að þèr fáið Steindóri Jóhannsyni Briem meðfylgjanda leyfisbréf í hendur.

4. nóvbr. **103. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um kostnaðinn við byggingu fangelsis og hegningarhúss í Reykjavík.**

Eptir að þèr, herra stiptamtmaður, höfðuð leitað álits bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, hafið þèr í bréfi, dagsettu 22. ágústm. þ. á., látið í ljósi álit yðar um niðurjöfnun þeirra 22,270 rd., sem samið var um fyrir að byggja hegningarhús og fangelsi í Reykjavík, á dómsmálasjóð Íslands, jafnaðarsjóð suðuramtsins og Reykjavíkur kaupstað; utaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að eins og dómsmálastjórnin eptir því, hvernig ástatt er, eigi mun standa fast á því, að Reykjavíkur kaupstaður leggi til meir til þess hluta af tæðum